


Tvíþætt auðkenni (MFA)

Það þykir nauðsynlegt, í nútíma tölvurekstri, að hafa tvíþætta auðkennisskráningu inn á vefkerfi og þjónustur sem tengjast skýjalausnum. Þetta tryggir aðganginn þinn.

Til þessa þá eru fyrirtæki oftast að nota frían hugbúnað s.s. Microsoft Authenticator, Google Authenticator og Duo.



Hugbúnaðurinn er einfaldur í notkun og með honum er hægt að skanna og skrásetja aðganga fyrir Microsoft Personal, Microsoft Work & School o.fl., með því að skanna QR kóðann með símanum eða handvirkt skrásetja aðganginn inn í kerfið.

Tvíþætt auðkenni er öryggislausn skýja-þjónustunnar sem þarf að stilla og virkja fyrir þann notanda sem ætlar að nýta sér MFA. Þetta þarf að undirbúa áður en notandinn stillir aðganginn sinn inn í Authenticator eða Duo hugbúnaðinn.

Skráning notandans er einföld.

- Notandi skráir sig inn á vefþjónustuna sína og fær tilkynningar þess efnis að hann/hún sé skráður fyrir MFA úthlutun. Notandinn fær því næst QR kóða sem birtist á skjánum.
- Núna þarf notandinn að ræsa upp Authenticator appið sitt og velja + og næst t.d. Work or School account. Notandanum býðst að skanna inn QR kóðann sem birtist á tölvuskjánum og slá inn fyrsta kóðann sem kemur upp í appinu.
- Authenticator appið er núna búið að setja inn aðganginn þinn í appið og með honum birtist kóði sem þarf að slá inn, þegar farið er inn í vefþjónustur, seinna meir.

Einfalt mál og tryggir aðganginn þinn.

Ath. mikilvægt er að tími og dagsetning sé í lagi, bæði á símanum og tölvunni. Það má lítið bera á milli, aðeins örfáar mínútur, til þess að aðgengi að vefþjónustunni er lokað og ekki hægt að skrá sig inn með kóða frá þessum hugbúnaði. Þetta skapast af því að vefþjónustufyrirtæki halda úti, mismunandi langan tíma fyrir hverja innskráningu (Session). Vefþjónustur eru oftast með réttan tíma en það getur brugðist að það sé réttur tími á símanum sem heldur utan um aðganginn í auðkennis hugbúnaðinum og ef þarna er einhver munur getur skapast vandamál. Vandamál sem oftast er hægt að leysa á einfaldan hátt með því að stilla símann á auto-time eða stilla tímenn handvirkt rétt inn.

Það getur verið ágætt að hafa þetta í huga ef illa tekst að skrásetja sig inn í vefþjónustur og þrátt fyrir að kerfið sýni kóða, þá er ekki hægt að skrásetja sig inn, oftast vegna þess að tíminn á síma og tölvu fara ekki saman.

Hjörtur Árnason

H. Árnason ehf.